


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	<b>MYNL3LV05 - Lokaverkefni Haustönn 2019</b>	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 3		

<b>Kennari</b>	Arna Guðný Valsdóttir Viðtalstími samkvæmt samkomulagi	<b>Sk.st.</b>	AVA <a href="mailto:arna@vma.is">arna@vma.is</a> 8659755
----------------	---	---------------	--

### Áfangalýsing

Nemandinn vinnur lokaverkefni eftir eigin áhugasviði allt frá grunnhugmynd að lokaútfærslu. Hann getur dýpkað skilning sinn á miðlum sem hann hefur áður kynnst eða kynnt sér nýja. Nemandinn gerir verkáætlun sem hann fylgir eftir. Hann leitar víða gagna bæði hvað varðar hugmyndir og tækni. Hann ígrundar vinnu sína jafnt og þétt í samvinnu við kennara og nemendahóp. Verk hans skal uppfylla kröfur um hugmyndaauðgi, listræna framsetningu og góðan frágang. Nemandinn gerir grein fyrir forsendum fyrir vali á viðfangsefni, hugmynd að baki, þróunarferli og afstöðu til niðurstöðu. Nemandinn tekur þátt í að undirbúa og setja upp sýningu á verkum hópsins.

### Þekkingarviðmið

**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- hvernig myndlistarverk er unnið frá grunnhugmynd að lokaútfærslu
- eigin sköpunarferli og þeim þáttum sem liggja að baki sjálfstæðri og skapandi vinnu
- öguðum vinnubrögðum við þróun og útfærslu hugmynda
- mikilvægi ígrundunar í sköpunarferli
- stöðu eigin verka í myndlistarlegu samhengi
- hvernig samsýning er sett upp

### Leikniviðmið

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- vinna myndlistarverk frá grunnhugmynd að lokaútfærslu
- vinna með þá miðla sem hann hefur áður kynnst eða takast á við nýja
- gera verkáætlun og fylgja henni eftir
- vinna sjálfstætt og sýna aga og áræðni í vinnubrögðum
- ígrunda á öllum tímum vinnuferlis og vera opin fyrir breytingum
- beita viðeigandi aðferðum við útfærslu verka sinna þannig að afrakstur verði í tengslum við ætlan




### Hæfniviðmið

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- setja upp sýningu
- tjá sig á skýran, ábyrgan, gagnrýninn og skapandi hátt um eigin verk og listræna niðurstöðu
- stunda nám í myndlist eða myndlistartengdu námi á háskólastigi
- sýna frumkvæði og hugmyndaauðgi í sköpunarferli
- færa rök fyrir þeim ákvörðunum sem hann tekur í þróunarferlinu
- fjalla á upplýstan og greinargóðan hátt um eigin verk og samnemenda þannig að gagnlegar umræður skapist
- undirbúa og setja upp samsýningu

### Námsgögn

Bækur, tímarit og vefsíður sem tengjast hugmyndum og vinnuferli hvers og eins.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 3	<b>MYNL3LV05 - Lokaverkefni Haustönn 2019</b>	

**Efni:** Nemendur velja sér miðil, útvega efni í verkið og greiða fyrir það.

### Verkefni og áætlun um yfirferð

**Verkáætlun:** Í upphafi áfangans gerir nemandinn vel hugsaða verkáætlun og skilar til kennara. Verkáætluninni er ætlað að vera stuðningur í vinnuferli sem getur breyst og þróast.

**Sjálfstæð vinna:** Nemendur vinna sjálfstætt að þróun verks frá grunnhugmynd að lokaútfærslu.


**Dag- og/eða skissubók:** Rík áhersla er lögð á að nemandinn vinni skissu- og hugmyndavinnu á markvissan hátt. Hann skráir ferlið, hugsanir, þælingar, mögulegar tengingar og gerir vinnuferlið sýnilegt á þann hátt. Þetta nýta nemendur við gerð greinargerðar í lok áfangans (sjá greinargerð).

**Umræður:** Jafnt og þétt verða umræður um vinnuferlið bæði einstaklingslega og í hóp. Haldnir verða fundir með hópnum og nemendur skrá sig í einstaklings viðtöl hjá kennara (sjá tímaáætlun).

**Sýning:** Í lok áfanga setja nemendur upp sýningu á verkum sínum og undirbúa hana í samvinnu við aðra nemendur í áfanganum. Nemendur skipta með sér verkum við undirbúning hennar og uppsetningu.

**Greinargerð:** Nemendur skila skriflegri greinargerð í lok áfanga þar sem fram koma forsendur fyrir vali á viðfangsefni, hugmynd, lýsing á þróun og ferli auk afstöðu höfundar til eigin niðurstöðu.

VIKA	DAGS.	DAGSKRÁ	VIKA	DAGS.	DAGSKRÁ
34	21. ágúst	Fundur / Kynning skipulag annar	43	23. október	Fundur í Ketilhúsi
35	28. ágúst	Hugmyndavinna í tíma Verkáætlun kynnt	44	30. október	Einstaklings viðtöl
36	4. september	Heimsókn í Ketilhús	45	6. nóvember	Fundur + sýningarundirbúningur
37	11. september	Hugmyndavinna í tíma <b>SKIL</b> á verkáætlun	46	13. nóvember	<b>SKIL</b> á verki og lokayfirferð + sýningarundirbúningur
38	18. september	Einstaklings viðtöl	47	20. nóvember	Sýningarundirbúningur Uppsetning í Ketilhúsinu
39	25. september	Fundur / yfirferð	48	23. nóv - 1. des	<b>SÝNING Í KETILHÚSINU</b>
40	2. október	Einstaklings viðtöl	48	24. nóv - Kl. 10-12	Yfirferð með kennurum brautar
41	9. október	Einstaklings viðtöl	49	2-4 .des	Sýning tekin niður Verk sótt
42	16. október	Einstaklings viðtöl	49	7.. desember	<b>SKIL</b> á greinargerð, dag- / skissubók og ferilmöppu

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 3 af 3	<b>MYNL3LV05 - Lokaverkefni</b>	<b>Haustönn 2019</b>

### Námsmat og vægi námsþátta

<b>Matsform:</b>		<input type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input checked="" type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta			Vægi
<b>Vinnuferli</b> Metið af kennara áfangans	Verkátætlun	Eigið sjónarhorn og rök fyrir því. Skipulag. Ögrun, frumleiki. Framsetning.		5%
	Þróun verks frá hugmynd að lokaniðurstöðu Dag-, skissubók Ferilmappa	Hugvitsemi, nýsköpun, rannsókn, tilraunir, ögrun. Nýting fyrirmynda, vinna úr upplýsingum, tenging við listheim. Ígrundun og nýting hennar í næstu skref. Vald á efnunum og aðferðum, tæknileg færni. Notkun grunnreglna litur form og myndbygging. Sjálfstæð og öguð vinnubrögð. Framsetning í möppu.		25%
	Viðtöl, yfirferð	Upplýst og greinargóð umfjöllun og ígrundun á eigin verkum og annara í virku samtali við kennara og samnemendur.		10%
	Greinagerð	Skýr, ábyrg, gagnrýninn og skapandi umfjöllun um eigið vinnuferli, verk og listræna niðurstöðu. Tengsl við listheim. Framsetning.		5%
	Sýning	Þátttaka og virkni í undirbúningi og uppsetningu sýningar		5%
<b>Lokaverk/ Viðtal</b> Metið af öllum kennurum á listnáms- og hönnunarbraut)		Eigin rödd, sýnileiki ætlunar í afrakstri. Vald á efnunum og aðferðum, tæknileg færni. Notkun grunnreglna, litur form og myndbygging.		50%
<b>Samtals:</b>				<b>100%</b>

**VERK SÓTT þann 19. desember kl. 11-13**

Með fyrirvara um breytingar. Gangi ykkur vel!

Dagsetning:

19.08.19

Undirritun kennara

20.08.2019

Undirritun bráutarstj., fagstj eða staðgengils

